

Nd.

274. Frumvarp til laga

[160. mál]

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Tilgangur forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum er að veita aðstoð við nauðsynleg bú- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum. Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum, hvert á sínu svæði.

2. gr.

Yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustu skal vera hjá Búnaðarfélagi Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis verði undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórnun og skipulagningu forfalla- og afleysingaþjónustunnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingarmanna í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili, eða fleiri menn í hluta úr starfi. Ennfremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfskraft sé þess þörf í einhverjum tilfellum.

Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili, ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun. Allir bændur eða þeir sem veita búum forstöðu, og makar þeirra, eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, enda hafi þeir meirihluta tekna sinna af landbúnaði, og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda. Þeir bændur sem hafa meirihluta tekna sinna af öðru en landbúnaði eiga rétt á aðstoð í hlutfalli við tekjur þeirra af landbúnaði.

3. gr.

Ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun 60 afleysingamanna skv. lögum þessum.

Skulu ákvæði þessi um framlag ríkissjóðs koma til framkvæmda á árunum 1979-1981.

Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og frjótæknar. Föst mánaðarlaun miðist við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um. Hámarkstími sem bóndi getur haft afleysingamann með þeim kjörum, er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans.

Heimilt er þó að framlengja dvöl afleysingamanns um lengri tíma, ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

4. gr.

Veikist bóndi eða maki hans og óskað er aðstoðar, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags, sem síðan tilkynnir það búnaðarsambandi. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

5. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námскеiðum við bændaskólana, sem þjálfí fólk til afleysingastarfa.

Alþt. 1978. A. (100. löggjafarþing).

151

6. gr.

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá yfirstjórn afleysingaþjónustunnar leitast við að ráða manninn til þeirra, sem þurfa að fara frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Skal þá bóndi greiða starfið að fullu. Fé, sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast. Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við starfið.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur aðstoðarfólks og því sett erindisbréf.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 3. gr. laga nr. 103/1978 um tímabundar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu eru ákvæði um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta.

Í athugasemdum með frumvarpinu er í 7. lið tekið fram, að hraðað verði aðgerðum og undirbúningi löggjafar um ýmsar félagslegar umbætur, m. a. forfallaþjónustu í landbúnaði.

Með tilvísun til þessara ákvæða er frumvarp þetta lagt fram.

Forsaga málsins er að öðru leyti þessi:

Á Búnaðarþingi árið 1976 var lagt fram erindi frá Agnari Guðnasyni og Sigurði J. Líndal um forfallaþjónustu í landbúnaði. Búnaðarþing afgreiddi erindið með eftirfarandi ályktun:

„Búnaðarþing samþykkir að kjósa þriggja manna millipinganefnd til að semja frumvarp til laga um vinnuaðstoð í sveitum og skili hún álitni fyrir Búnaðarþing 1977.“

Þessir menn voru kjörnir í millipinganefndina:

Sigmundur Sigurðsson, bóndi Syðra-Langholti, Sigurður J. Líndal, bóndi Lækjarmóti og Agnar Guðnason, blaðafulltrúi.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1976 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda haldinn að Bifröst 29. og 30. ágúst, 1976 samþykkir að fela stjórn Stéttarsambandsins, að beita sér fyrir því við landbúnaðarráðherra, að hann láti undirbúa og setja löggjöf um forfallaþjónustu og afleysingar vegna orlofs bænda og húsfreyja.“

Stjórn Stéttarsambands bænda ákvað í október sama ár að tilnefna tvo menn til samstarfs við millipinganefnd Búnaðarþings. Tilnefndir voru:

Böðvar Pálsson, bóndi, Búrfelli og Jón Kr. Magnússon, bóndi, Melaleiti.

Þannig skipuð samdi nefndin frumvarp til laga um vinnuaðstoð í sveitum í veikinda- og slysatilfellum. Frumvarpið var lagt fyrir Búnaðarþing 1977 ásamt greinargerð og samþykkt þar.

Á Búnaðarþingi 1978 var frumvarpið tekið til endurskoðunar og breytt lítillega, en síðan sent landbúnaðarráðherra.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1978 var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1978 skorar á Alþingi og ríkisstjórnina að setja löggjöf um afleysingaþjónustu fyrir bændur og húsfreyjur í sveitum.“

Ennfremur er þess að geta að árið 1973 fól þáverandi landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, þeim Gunnari Guðbjartssyni, formanni Stéttarsambands bænda, og Jónasi Jónssyni, ritstjóra, að semja frumvarp til laga um orlof bænda. Þeir sömdu frumvarp um þetta efni, sem var að verulegu leyti byggt á norskri

fyrirmynd. Stéttarsamband bænda sendi frumvarpið til umsagnar allra búnaðarsambanda í apríl 1973, með ósk um að málið yrði kynnt á kjörmanafundum það ár. Var óskað umsagnar um málið. Þarna var um það að ræða hvort orlof yrði áfram inn í verðlagsgrundvellingum eða tekið út úr honum og stofnaður orlofssjóður til að standa undir kostnaði við afleysingamenn vegna orlofs bænda og húsfreyja.

Frumvarpið fékk misjafnar undirtektir og mætti nokkurri andstöðu hjá sumum bændum.

Samkvæmt framanrituðu hefur annarsveggar verið unnið að frumvarpi til laga um forfallaþjónustu vegna slysa, veikinda eða annarra forfalla, og hinsveggar frumvarpi til laga um afleysingarþjónustu vegna orlofs.

Árið 1978 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, með bréfi dags. 5. júní, þriggja manna nefnd til þess að gera athugun á því hvernig komið verði við afleysingarþjónustu við landbúnaðarstörf. Norðmenn hafa komið á slíkri fyrirgreiðslu við bændur og hefur hún gefið góða raun. Nefndinni var falið að kynna sér lög og reglur Norðmanna um þessi mál, framkvæmd þeirra og athuga möguleika á að koma á hliðstæðu kerfi hér á landi.

Í nefndina voru skipaðir þeir Hjörtur E. Þórarinnsson, bóndi að Tjörn, Ólafur Andrésón, bóndi Sogni og Leifur Kr. Jóhannesson, héraðsráðunautur, Stykkishólmi, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur kynnt sér það sem unnið hefur verið að í þessum málum og jafnframt hvernig þessum málum er fyrir komið í Noregi og Svíþjóð.

Ekki er óeðlilegt að bændur og húsfreyjur njóti sama réttar og launþegar í landinu þegar um veikindi eða slys er að ræða, þannig að tekjur þeirra skerðist ekki vegna tímabundinna forfalla. Eins og er, er ekki gert ráð fyrir þessum þætti í verðlagsgrundvelli.

Einnig er mjög mikilvægt fyrir þjóðfélagið, ekki síður en einstaklinginn að bændur geti fengið afleysingamann í veikindatilfellum. Afleiðingarnar geta, vegna smíthættu, á margan hátt orðið alvarlegar, ef slíkt er ekki tryggt.

Þau réttindi sem launþegar njóta vegna veikinda og slysa samkvæmt kjarasamningum eru nokkuð mismunandi. Minnstan rétt hafa lausráðnir verkamenn, full laun í tvo veikindadaga fyrir hvern starfsmánuð hjá sama atvinnurekanda. Fastráðnir opinberir starfsmenn hafa full laun allt frá 90 til 360 daga á 12 mánuðum eftir starfsaldri.

Hér er lagt til að sett verði löggjöf um forfalla- og afleysingarþjónustu vegna veikinda og slysa í landbúnaði. Með því yrði tryggt visst öryggi fyrir bændur þegar veikindi eða slys ber að höndum sem teljast verður réttlætismál.

Hins vegar þarf að huga betur að afleysingarþjónustu vegna orlofs áður en sett verður löggjöf um það efni. Kemur þar til að nú er orlof 8.33% reiknað á launalið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða en ef farið væri að greiða orlof beint til bænda myndi orlof við það falla út úr grundvellingum. Þó er engan veginn víst, að hesta fyrirkomulagið sé það sem nú gildir.

Verði fyrirkomulagi orlofs breytt, er eðlilegast að um það verði fjallað í beinum samningum við ríkisvaldið. Sú forfallaþjónusta sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir mun veita nokkra reynslu um hliðstæða starfsemi, ef samþykkt verður.

Til greina kemur að tengja þessi tvö mál saman, ef reynslan benti til að það sé hagkvæmt. Hefur landbúnaðarráðherra falið nefndinni að vinna áfram að athugun þess.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að eingöngu sé um heimild að ræða fyrir búnaðarsamböndin að setja á stofn vinnuaðstoð. Eðlilegt verður að teljast, að aðalfundur búnaðarsambandanna taki ákvörðun um, hvort og hvenær stofna skal til vinnuaðstoðar.

Gert er ráð fyrir að lög þessi komi til framkvæmda í áföngum á næstu 3—4 árum. Ræðst það að miklu leyti af því hvernig gengur að fá hæfa starfskrafta.

Um 2. gr.

Lagt er til að Búnaðarfélag Íslands hafi yfirstjórn aðstoðarþjónustunnar í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Þangað verði framvísað reikningum vegna starfseminnar og bókhald fyrir aðstoðarþjónustu búnaðarsambandanna. Öll heildarskýrslugerð um starfsemina verði á vegum Búnaðarfélags Íslands.

Einnig að Búnaðarfélag Íslands annist vinnumiðlun fyrir aðstoðarfólk. Gæti starfsemi þessi fallið vel að starfi ráðningastofu landbúnaðarins.

Gert er ráð fyrir, að ráðnir verði 2 menn til afleysinga fyrir hver 150 heimili. Miðað við fjölda bænda í landinu, þá mun vera þörf fyrir 50—60 afleysingamenn, ef öll búnaðarsambönd ákveða að koma á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu. Eðlilegt getur verið í ýmsum tilvikum að skipta búnaðarsambandsvæði í fleiri þjónustusvæði, og eins getur verið hentugt, að einn afleysingamaður þjóni að hluta til tveim sambandsvæðum.

Heimilt verður að skipta fullu starfi milli fleiri manna, t. d. gætu bændur eða annað fólk í sveitunum tekið að sér störf aðstoðarmanna að hluta, þannig að tveir eða fleiri gætu skipt með sér fullu starfi. Ef þörf krefur, má lausráða fólk til aðstoðarstarfa. Taka skal fram, að kvenfólk og karlmenn hafa jafnan rétt til starfsins og ennfremur, að þeim skuli ætluð sömu laun.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að afleysingamenn hafi rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda, og hafi hliðstæð laun og frjótæknar

Lagt er til að ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun starfsmanna forfalla- og afleysingaþjónustunnar í dagvinnu, en bændur greiði annan kostnað s. s. eftirvinnu og ferðakostnað. Jafnframt fái afleysingamenn frítt fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstímanum.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi kr. 3.1 millj. á ári fyrir hvern mann á núgildandi verðlagi. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við yfirstjórn starfseminnar verði á bilinu 2.5—5 millj. króna á ári.

Heildarkostnaður ríkissjóðs, þegar starfsemin væri komin í fullan gang, yrði því 160—190 millj. króna á ári miðað við núgildandi verðlag.

Um 4. gr.

Krafist er að þeir sem óska eftir þjónustu afleysingarmanns, leggi fram læknisvottorð, þar sem kemur fram, að viðkomandi sé talinn óvinnufær.

Eðlilegast virðist að veikindi séu tilkynnt formanni viðkomandi búnaðarfélags sem sé tengiliður fyrir bændur í sinni sveit við stjórn starfseminnar, sem er hjá búnaðarsambandi.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að þeir, sem ráðnir eru til afleysingastarfa, hafi verulega starfsreynslu í almennum bústörfum, sérstaklega hirðingu búfjár. Nauðsynlegt er því að starfsmönnum forfalla- og afleysingaþjónustunnar gefist tækifæri til að sækja sérstök námskeið við bændaskólana, er fyrst og fremst miðist við að kenna meðferð allra algengustu tegunda mjaltavéla og fóðrun og hirðingu búfjár.

Gera þarf bændaskólunum fjárhagslega kleyft að veita þessa þjónustu.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að yfirstjórn afleysingaþjónustunnar sjái um að nýta sem best þá starfskrafta sem ráðnir eru til afleysingastarfa. Ef ekki er þörf fyrir afleysingamann til starfa í veikinda- og slysatilfellum skal leitast við að ráða hann til starfa hjá bændum sem fara þurfa frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Er þá gert ráð fyrir að viðkomandi bóndi greiði allan kostnað af starfinu.

Hér gæti fengist mikilvæg reynsla varðandi framtíðarskipan orlofsmála bændastéttarinnar. Æskilegt verður að telja að stjórnun þessara mála verði í framtíðinni á einni hendi, enda þótt greiðsla kostnaðar vegna afleysingaþjónustu við töku orlofs verði með öðrum hætti.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt mun verða að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd forfalla- og afleysingaþjónustunnar. M. a. þarf að kveða nánar á um hverjir hafi rétt til aðstoðar samkvæmt 3. mgr. 2. gr. Benda má á að margir bændur eru ókvæntir en húa með ráðskonu. Viða reka systkini bú saman, og er þá staða systurinnar í mörgum tilfellum óljós. Margir bændur hafa verulegar tekjur utan bús, s. s. af félagsstörfum í þágu stéttar sinnar og sveitar, án þess að þeir öðlist nokkurn rétt til aðstoðar í veikinda- og slysatilfellum sem launþegar.

Um framantalin atriði og mörg fleiri er nauðsynlegt að setja nánari ákvæði í reglugerð. Ennfremur um réttindi og skyldur aðstoðarmanna.